

um endurskoðun laga um fiskmat.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um fiskmat. Skál einn nefndarmaður skipaður eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands, annar eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, þriðji tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og hinn fjórði af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands. Fimmta manninginn skipar ríkisstjórnin án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefnd þessi skal miða störf sín við það að finna leiðir til að bæta úr ágöllum þeim, sem fram þykja hafa komið á íslenskri fiskframleiðslu og íslensku fiskmati undanfarin ár. Skál hún meðal annars athuga, hvort ekki sé kleift og líklegt til bóta, að fiskmatsmenn verði alls staðar þar sem við verður komið, opinberir starfsmenn, er fá laun greidd úr ríkissjóði.

Skál nefndin hafa lokið störfum og skilað álitinu sínu fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Parflaust er að fara um það mörgum orðum, hversu mikilvægt það er okkur Íslendingum, að aðalútflutningsvara þjóðarinnar, fiskur og fiskafurðir, sé jafnan góð og óskemmd vara, er samsvari fyllilega þeim kröfum, sem til hennar eru gerðar í markaðslöndum okkar. Við erum að því leyti vel settir, að fiskimiðin við stendur landsins eru ekki aðeins auðug, þegar rányrkja nær ekki að spilla þeim, heldur eru ýmsar þær fisktegundir, er hér veiðast, í eðli sínu mjög góð markaðsvara. Allt fram að síðustu heimsstyrjöld var það og ríkjandi skoðun í viðskiptalöndum okkar, að íslenskur fiskur væri gæðavara. Ollu því ekki einungis eðliskostir hans, heldur hafði einnig svo vel tekizt til, að með ströngu fiskmati um langt skeið hafði framleiðendum lært að vanda fiskverkunina sem bezt. Má nefna um það mörg dæmi, að erlendir aðilar treystu þá íslensku fiskmati mjög vel og litu almennt svo á, samkvæmt langri reynslu, að vottorð þess væri fullgild sönnun fyrir vörugæðum. Á árum síðari heimsstyrjaldarinnar breyttist þetta því miður mjög til hins verra. Þá var allur fiskur auðseljanlegur, hvort sem hann var fyrsta flokks eða ekki. Freistuðust þá margir framleiðendur til þess að slaka á þeim kröfum, sem áður höfðu verið gerðar um fiskmeðferð, og fiskmatið virðist ekki hafa haft bolmagn til að hamla þar nógu vel á móti. Síðan hefur ekki tekizt að koma á þeirri vöruvöndun við fiskverkun, sem áður var að heita mátti algild regla. Hvað eftir annað hafa komið fram skemmdir í fiski og fiskafurðum, sem valdið hafa miklu beinu tjóni, auk þess sem íslensk útflutningsframleiðsla hefur beðið álitshnekkji. Virðist auðsætt, að þessi mál beri að taka svo föstum tókum sem kostur er, þar eð hér er ákaflega mikið í húfi. Má einskis láta ófreistað, sem stuðlað gæti að því, að íslenskur fiskur og fiskafurðir geti að nýju skipað þann sess, sem áður var, meðan þessi mikilvæga framleiðslugrein var í mestu álitu hjá viðskiptaþjóðum okkar.

Þingsályktunartillaga sú, sem hér er flutt, er fram borin í því skyni, að fram verði látin fara rækileg athugun á því, með hverjum hætti helzt verði komið í veg fyrir þá galla, sem reynzt hafa á framleiðslu fisks og fiskafurða á undanförunum árum. Virðist þá rétt að hefjast handa á því, að athuguð séu af þar til hæfum mönnum gildandi lög og reglur um fiskmat, svo að í ljós komi, hvort ekki megi með breyttri tilhögun gera fiskmatið öruggara og virkara en það virðist nú vera. Þrátt fyrir fyrir-sögn tillögunnar telja flm. ekki ástæðu til, að nefnd sú, sem kæmi til með að fjalla um þetta mál, einskorðaði athuganir sínar við fiskmatið eitt. Er og í tillögunni svo að orði kveðið, að nefndin skuli leitast við að finna leiðir til að bæta úr göllum þeim, sem fram hafa komið á íslenskri fiskframleiðslu undanfarin ár. Nefndinni er því ætlað að koma með ábendingar og tillögur varðandi þetta efni, þótt ekki snerti þær allar sjálft fiskmatið.

Í tillögunni er bent á eitt atriði sérstaklega, sem nefndinni er ætlað að fjalla um. Eins og kunnugt er, taka hinir almennu fiskmatsmenn nú laun með þeim hætti, að þau eru greidd af þeim fiskframleiðanda, sem þeir vinna hjá hverju sinni. Allviða, t. d. í ýmsum hraðfrystihúsum, mun tilhögunin vera sú, að verkstjórar frystihúsanna sjálfir eru þar jafnframt matsmenn, eiga með öðrum orðum að meta eigin framleiðslu. Er hverjum manni auðsætt, hversu heppilegt það muni vera, eink-

um þar sem stjórnendur og eigendur frystihúsa kynnu sumir hverjir að leggja meiri áherzlu á vinnuafköst og framleiðslumagn en vandaða meðferð vörunnar. Hitt virðist einnig mjög vafasamt fyrirkomulag, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, að fiskmatsmenn séu launaðir beint af þeim aðila, sem þeir eigi að meta hjá og hafa eftirlit með. Enda þótt menn vilja vinna störf sín samvirkusamlega, eru þeir með þessu móti háðari fiskeiganda en góðu hófi gegnir. Eru þess og dæmi, að skapmiklir fiskframleiðendur hafa beinlínis rekið brott fiskmatsmann, er þeim hafði verið sendur, sakir þess að hann þótti of strangur, en krafizt þess að fá annan, sem þeim var betur að skapi.

Virðist ærin ástæða til að breyta þessu fyrirkomulagi, svo að fiskmatsmenn verði algerlega óháðir fiskeigendum. Telja flm. þessarar tillögu rétt, að það sé athugað gaumgæfilega, hvort ekki bera að hverfa að því ráði að launa alla matsmennt beint úr ríkissjóði, bæði þá, sem hafa fiskmat að aðalstarfa, og hina, sem jafnframt leggja stund á önnur störf. Mætti fara þá leið til að mæta auknum kostnaði að leggja á fisk þann, sem metinn er, sérstakt fiskmatsgjald, sem rynni í ríkissjóð. Mundi hin breytta skipan þá ekki hafa í för með sér aukinn kostnað fyrir ríkissjóð, en tvímælalaust verða til verulegra bóta.

Vöndun þeirrar vöru, sem stendur undir meginhlutanum af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, er okkur Íslendingum svo mikilvæg, að einskis má láta ófreistað til að bæta hana og efla. Alþingi getur ekki skotið sér undan þeirri skyldu að láta þetta mál til sín taka. Teljum við flm. líklegast til árangurs, að nefnd sérfróðra manna fjalli um málið, svo að athuganir hennar og tillögur geti legið fyrir, þá er næsta reglulegt Alþingi kemur saman.